

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. júlí 2020

Mál nr. E-2523/2019:

**Lowell Danmark A/S**

(Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður)

**gegn**

**Önnu Kolbrúnu Árnadóttur**

(Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður)

## Dómur:

Mál þetta var höfðað 12. desember 2019 og dómtekið 24. júní að loknum munnlegum málflutningi. Stefnandi er Lowell Danmark A/S, [...], Danmörku. Stefnda er Anna Kolbrún Árnadóttir, [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til greiðslu 623.280,74 danskra króna (DKK) með 8,05% ársvöxtum frá 12. desember 2016 til greiðsludags, allt að frádregnum DKK 54.328 innborgunum. Þá verði hún dæmd til greiðslu málskostnaðar.

Stefnda krefst þess aðallega að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda, til vara að hún verði sýknuð að svo stöddu, til þrautavara að henni verði gert að greiða stefnanda DKK 120.000 að frádreginni DKK 54.328 innborgun með mánaðarlegri greiðslu að fjárhæð DKK 1.000 frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir dómsuppsögu og til þrautþrautavara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## I.

Stefnda bjó í Danmörku um nokkurra ára skeið og fékk húsnæðislán hjá Fionia Bank A/S seint á síðustu öld. Liggur ekkert nánar fyrir um þetta lán, en ágreiningslaust er að það fór í vanskil. Stefnda flutti til Íslands 2002 og settist að á [...]. Þaðan undirritaði hún 7. mars 2006 samkomulag (*d. frivilligt forlig*) um uppgjör á skuld við Fionia Bank, sem liggur fyrir í löggiltri íslenskri þýðingu. Samkvæmt samkomulaginu, sem ber samningsnúmer 0777-012-33-43344, viðurkenndi stefnda að skulda bankanum samtals DKK 623.280,74 á bankareikning [...], miðað við 1. mars 2006, sem skyldu greiðast með 120 greiðslum á DKK 1.000 fyrsta hvers mánaðar, í fyrsta skipti 1. maí 2006. Á meðan

stefnda stæði skil samkvæmt þeirri greiðsluáætlun myndu engir vextir leggjast á samningsfjárhæðina, DKK 120.000. Þegar stefnda væri búin að greiða allar afborganir af þeirri fjárhæð skyldi bankinn gefa út fullnaðarkvittun fyrir uppgjöri á allri skuldinni. Samkvæmt samkomulaginu er lánsfjárhæð sögð DKK 120.000. Síðan segir: „*Sé afborgun ekki greidd þegar liðnir eru 14 dagar frá greiðsluáskorun, er öll skuldin samkvæmt samkomulagi þessu gjaldfallin og til greiðslu þegar í stað.*“ Falli skuldaskomulagið í gjalddaga skuli stefnda greiða dráttarvexti af skuldinni frá 1. mars 2006 með þeirri vaxtaþrósentu Fionia Bank sem gildir á hverjum tíma. Samkomulagið megi nota sem grundvöll fullnustugerðar samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 478. gr. danskra réttarfarslaga.

Stefnda stóð í skilum samkvæmt samkomulaginu fram til apríl 2009, en frá þeim tíma urðu greiðslur afborgana stopular og féllu alveg niður frá og með 21. janúar 2014. Ber stefnda því við að í kjölfar bankahrunsins 2008 hafi reynst sífellt erfiðara að greiða umræddar afborganir og koma þeim til skila í Danmörku, auk þess sem hún hafi [veikst] í apríl 2011, sem haft hafi mikil og langvarandi áhrif á heilsu hennar og greiðslugetu.

## II.

Fionia Bank varð illa úti í bankahruninu og fór svo að stofnun á vegum danska fjármálaeftirlitsins (*d. Finansiell Stabilitet A/S*), hér eftir FS, yfirtók bankann snemma árs 2009 og seldi að hluta til Nordea Bank A/S í ágúst sama ár. Í kaupunum fylgdu um 2/3 hlutar allra útlánskrafna Fionia Bank, en eftir sátu áhættusömustu kröfurnar. FS stofnaði sama ár Nova Bank Fyn A/S til að taka við þeim kröfum.

Á reikningsyfirliti 31. desember 2010, sem Nova Bank sendi stefndu, er vísað til afskrifaðra krafna á skuggareikningi nr. [...] (sama reikningi og tilgreindur er á samkomulaginu 7. mars 2006) og útistandandi skuld sögð DKK 81.156,94. Einnig er vísað til afskrifaðra krafna samkvæmt uppgjöri 012-33-43344 (samkomulagið 7. mars 2006) og útistandandi skuld sögð DKK 80.841,82. Segir að skattskil vegna ársins 2010 skuli miðuð við síðargreinda fjárhæð.

Stefnandi hefur einnig lagt fram reikningsyfirlit til stefndu frá FS, en samkvæmt þeim nam skuld stefndu DKK 75.361,82 miðað við 30. desember 2011, DKK 71.391,82 miðað við 28. desember 2012 og DKK 69.521,82 miðað við 30. desember 2013. Þá liggur fyrir reikningsyfirlit 25. ágúst 2014, en samkvæmt því skuldaði stefnda DKK 68.561 þann 21. janúar 2014. Samkvæmt yfirlitinu var sú fjárhæð yfírfærð til „Lindorff“ 9. júní 2014, sem nú heitir Lowell Danmark A/S og er stefnandi máls.

### III.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlýsingu frá Fionia Bank til Nova Bank Fyn, sem undirrituð var í apríl 2010 og ber með sér að fyrrnefndur banki hafi í nóvember 2009 framselt til Nova Bank „*alla samninga við þau félög og einstaklinga sem skráð eru í fylgiskjali 1 þessarar yfirlýsingar*“ og ber fylgiskjalið enska heitið „*Specification of customers included in the Red Credit Risk Portfolio*“. Fylgiskjal þetta liggur ekki fyrir.

Af hálfu stefnanda liggur fyrir framsal 10 júní 2014, með tilvísunarnúmeri [...], sem sagt er fylgiseðill með „*kröfu uppr. upphæð DKK 623.280,74*“ á hendur stefndu, en samkvæmt skjalinu framselur FS skuld samkvæmt kröfunni til Lindorff Danmark A/S. Þar segir að fyrir framsalið, sem fram fari samkvæmt framsalssamningi, hafi FS fengið fullnustu.

### IV.

Í málinu liggja fyrir tölvupóst- og bréfasamskipti stefndu og Nova Bank sem staðreyna vandamál er risu við að koma greiðsluafborgunum stefndu til Danmerkur, bæði á árinu 2010 og 2013. Þessu til áréttingar hefur stefnda og lagt fram greiðsluyfirlit frá 2006 til 2013 er sýna að á því tímabili greiddi hún afborganir fyrst á reikning Fionia Bank, síðan Nova Bank Fyn, næst Danske Bank og loks Arbejdernes Landsbank.

### V.

Í málinu liggja einnig fyrir tölvupóstsamskipti stefndu og FS frá desember 2013, en þar upplýsir stefnda [um veikindi sín], sé óvinnufær af þeim sökum og eigi við verulega greiðsluerfiðleika að stríða. Fram kemur að hún eigi lífeyrissparnað í Danmörku og spyr hvort FS geti aðstoðað hana við að nota þá fjármuni til greiðslu skuldar við FS. Starfsmaður FS bendir henni á að hafa samband við lífeyrissjóðinn og segir um skuldina „*að eftirstöðvar lánsins hljóða í dag, þann 16. desember 2013, upp á DKK 69.521,82. Sé staðið við upprunalega samninginn og lánið greitt niður með mánaðarlegum afborgunum að upphæð DKK 1.000, næst þann 1. janúar 2014, þá mun lánið vera að fullu uppgreitt eftir 70 mánuði, sem samsvarar 5 árum og 10 mánuðum, þ.e.a.s. þann 1. nóvember 2019. Fylgir þú samningnum um uppgreiðslu lánsins þá falla engir vextir á lánið, eins og verið hefur hingað til - þó að ekki hafi verið staðið við samninginn*“. Sama dag áréttaði FS að stefnda yrði ekki krafín um vexti ef hún stæði við samninginn og sagði: „*Þegar búið verður að greiða DKK 120.000 þá verður eftirstöðvarnar af skuld þinni felldar niður.*“ Varðandi millifærslur afborgana er stefnda eftirleiðis beðin um að

millifæra greiðslur á reikning FS nr. [...] hjá Arbejdernes Landsbank og nota tilvísunarnúmerið [...].

#### VI.

Þann 2. september 2016 var stefndu send innheimtuaðvörðun vegna kröfu Lindorff Danmark A/S á grundvelli vangoldinnar skuldar við Nova bank A/S að höfuðstól DKK 623.280,74, auk DKK 188.338,00 dráttarvaxta og skorað á stefndu að greiða kröfuna innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins. Í framhaldi var stefndu sent innheimtubríf 30. nóvember 2016 og henni hótuð málsókn ef ekki kæmi til greiðslu innan 10 daga.

Stefnda kveðst ekki hafa vitað um þessar bréfasendingar og bar fyrir dómi að eiginmaður hennar hafi vitað um þær, en haldið leyndum fyrir stefndu vegna [...] veikinda hennar. Hún kvaðst aldrei hafa fengið tilkynningu um að upphaflega skuldin hefði raknað við að nýju, haldið að sú fjárhæð hefði fallið niður með samkomulaginu 2006 og ekki frétt af öðru fyrir en á árinu 2018.

#### VII.

Þann 3. maí 2018 var stefndu send áminning um greiðslu skuldar samkvæmt samkomulaginu 7. mars 2006, sem gjaldfelld hefði verið 4. febrúar 2014 og þá staðið í DKK 568.952 auk vaxta og kostnaðar, allt að teknu tilliti til innborgana að fjárhæð DKK 54.328 og var samtala skuldar sögð 12.211.563 íslenskar krónur.

Í maí og júní 2018 gengu tölvupóstar á milli eiginmanns stefndu og lögmanns stefnanda og bauð eiginmaðurinn fram sátt um greiðslu allra eftirstöðva samkvæmt DKK 120.000 samkomulagi við Fionia Bank 7. mars 2006. Því tilboði var svarað 10. ágúst og stefndu boðnar tvær leiðir til greiðslu skuldarinnar, annars vegar með eingreiðslu á DKK 304.000 eða með greiðslu á DKK 402.000 með nánar tilgreindum afborgunarkjörum. Í kjölfarið fylgdu innheimtubríf 8. júlí 2019, áminning 14. september 2019 og að síðustu lokaviðvörðun fyrir málshöfðun, dagsett 18. nóvember 2019.

#### VIII.

Stefnandi byggir kröfur sínar á samkomulaginu frá 7. mars 2006, en með undirritun þess hafi stefnda viðurkennt tilvist og umfang stefnukröfunnar, DKK 623.280,74. Samkomulagið hafi falið í sér verulega eftirgjöf krafna á hendur stefndu, stæði hún við umsamda afborgunarskilmála. Það hafi hún ekki gert og því beri að dæma hana til greiðslu DKK 623.280,74 höfuðstóls skuldarinnar, að frádregnum innborgunum að fjárhæð DKK 54.328. Í stefnu er í þessu sambandi vísað til meginreglna samninga- og kröfurettar um loforð og efndir fjárskuldbindinga og sagt að til hagsbóta fyrir stefndu

sé á því byggt að um málið fari eftir dönskum lögum um dráttarvexti nr. 459/2014, einkum 3. gr., 5. gr. og 3. mgr. 6. gr., sem og dönskum fyrningarlögum nr. 522/2007 með síðari breytingum, einkum 6. gr. og bráðabirgðaákvæði 30. gr., sbr. og 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Segir og í stefnu að samkvæmt framangreindu sé einsætt að hin skilyrðislausu skuldaviðurkenning stefndu 7. mars 2006 hafi rofið fyrningu kröfu stefnanda og þá byrjað nýr 10 ára fyrningarfrestur. Stefnanda hafi greitt afborganir samkvæmt samkomulaginu, án athugasemda, frá 5. maí 2006 til 21. janúar 2014 og marki síðasta greiðslan upphaf nýs fyrningarfrests. Samkvæmt því fyrnist krafa stefnanda ekki fyrr en 21. janúar 2024. Skuldin hafi öll fallið í gjalddaga 4. febrúar 2014.

Við munnlegan flutning málsins upplýsti lögmaður stefnanda að stefnandi væri „fjármögnunar- og innheimtufyrirtæki“ sem teldi til réttar yfir kröfunni á hendur stefndu fyrir óslitið framsal frá Fionia Bank, en kröfuna hafi stefnandi, sem áður hét Lindorff Danmark A/S, keypt af FS 10. júní 2014 á þeim grunni sem segir í samkomulaginu frá 7. mars 2006. Lögmaðurinn sagði þeim framsalsgerningi ekki hafa verið hnekkt af hálfu stefndu, vísaði annars um óslitna framsalsröð til fyrirbyggjandi gagna og sagði að fylgiskjal 1 með framsali krafna frá Fionia Bank til Nova Bank, sbr. III. kafli að framan, hlaupi á tugum eða hundruðum blaðsíðna og því hafi þótt of viðhlutamikið að leggja það fram í málinu.

Einnig kom fram í málflutningsræðu lögmanns stefnanda að málið væri alfarið reist á dönskum lögum og réttarreglum og vísaði í því sambandi til meginreglna dansks samninga- og kröfuréttar, auk danskra vaxta- og fyrningarlaga. Þá vísaði lögmaðurinn um lagaval alfarið til 3. gr. laga nr. 43/2000, en mæti dómurinn það svo að 1. og 2. mgr. 4. gr. eigi við væri á því byggt til vara. Í framhaldi mótmælti lögmaðurinn því að 4. gr. gæti átt við í málinu, taldi blasa við að danskur réttur gildi alfarið um sakarefnið á grundvelli 3. gr. og vísaði í því sambandi til hæstaréttardóms í máli nr. 224/2011.

Stefnandi mótmælir málsástæðum stefndu byggðum á tómlæti og telur engu breyta í því sambandi þótt stefnandi hafi, vegna aðstæðna stefndu, dregið í lengstu lög að höfða málið, enda ekkert í málsgögnum er bendi til þess að stefndu hafi verið gefinn ádráttur um niðurfellingu höfuðstóls skuldarinnar, nema því aðeins að hún greiddi allar umsamdar afborganir.

Varðandi dráttarvexti er bent á að samkvæmt dönskum lögum sé aðeins krafist slíkra vaxta þrjú ár aftur í tímann, í stað fjögurra eins og íslensk lög heimili. Þá sé ekki krafist samningsvaxta frá 2006 eins og unnt væri eftir íslenskum lögum.

Við munnlegan málflutning byggði lögmaður stefnanda fyrst á því að skuld samkvæmt stefnu hafi fallið í gjalddaga 4. febrúar 2014, en breytti því síðar í ræðu sinni og kvað skuldina hafa verið gjaldfellda með bréfi til stefndu 2. september 2016, sbr. VI. kafli að framan.

## IX.

Stefnda byggir sýknukröfu í fyrsta lagi á aðildarskorti til sóknar, sem leiða eigi til sýknu samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í stefnu segi ranglega að Nova Bank hafi yfirtekið kröfu á hendur stefndu á grundvelli sameiningar við Fionia Bank, en hið rétta sé að FS hafi yfirtekið Fionia Bank og í framhaldi stofnað Nova Bank Fyn til að fara með yfirráð erfiðustu og áhættusömustu krafna Fionia Bank, sbr. II. kafli að framan. Stefnda hafi enga trú á því að krafa hennar hafi talist til erfiðra krafna, enda hafi hún meira og minna staðið í skilum frá 2006 til janúar 2014 og því efist hún um að krafa á hendur henni hafi verið framseld frá Fionia Bank til Nova Bank, með eða án milligöngu FS. Stefndandi hafi engin gögn lagt fram er styðji þá staðhæfingu að hann eigi löglegt tilkall til kröfunnar fyrir óslitið framsal og liggi ekkert fyrir um hvort, hvenær og hvernig slíkt framsal fór fram. Þá liggi ekkert fyrir um hvaða krafa á hendur stefndu var framseld og hve há hún var, þ.e.a.s. hvort upphafleg íbúðalánskrafa hafi verið framseld eða DKK 120.000 samningskrafan frá 7. mars 2006 að frátöldum afborgunum stefndu. Megi leiða sterkar líkur að því að krafa samkvæmt stefnu hafi annað hvort ekki verið framseld stefnanda eða hún ekki framseld með réttum og löglegum hætti og sé ósannað að svo hafi verið. Verði stefndandi að bera hallann af þessu, en hann kveðst hafa undir höndum gögn um framsal kröfunnar, sem hann kaus að leggja ekki fram í málinu.

Verði ekki fallist á aðildarskort stefnanda byggir stefnda á því að krafan sé fyrnd eða að mestu leyti fyrnd. Með samkomulaginu 7. mars 2006 hafi stefnda aldrei viðurkennt annað og meira en að skulda Fionia Bank DKK 120.000 eftirstöðvar af gömlu húsnæðisláni. Með greiðslu DKK 54.328 afborgana frá 2006 til 21. janúar 2014 hafi stefnda viðurkennt sagða DKK 120.000 skuld. Eftirstöðvar þeirra skuldar, DKK 65.672, hafi fyrnst í mars 2016, á grundvelli 10 ára fyrningarfrests, enda hafði stefndandi á þeim tímapunkti engan reka gert að innheimtu kröfunnar þrátt fyrir gjaldfellingarákvæði í téðu samkomulagi.

Þá sé krafan einnig fyrnd á þeim grunni að stefnandi hafi í júní 2010 aðeins fengið framselda til sín kröfu að fjárhæð DKK 68.561, sbr. II. kafli að framan. Beri að meta allan vafa um þetta stefndu í hag, enda liggi ljósast við að upphaflegri skuld hafi verið skipt í tvær kröfur, annars vegar DKK 120.000, sem stefnda samþykkti 7. mars 2006 og hins vegar hærri kröfuna, þ.e. DKK 623.280,74 að frádregnum DKK 120.000. Seinni krafan hljóti í það minnsta að vera fallin niður fyrir fyrningu. Stefnda bendir á í þessu sambandi að stefnandi sé ekki banki eða lánastofnun, heldur innheimtufyrirtæki og hljóti því að gilda um hann almenn sjónarmið um fyrningu og/eða tómlæti kröfunnar.

Verði ekki fallist á að stefnukrafan sé fyrnd byggir stefnda á því að krafan sé fallin niður fyrir sakir tómlætis stefnanda. Af hálfu stefndu hafi fyrst orðið greiðslufall í apríl 2009 og síðan reglulega fram til 21. janúar 2014 þá er hún innti síðast afborgun af hendi. Stefnandi hafi látið þetta átölulaust, vitandi um fjárhagsvandræði og síðar alvarleg veikindi stefndu, hann ekki beitt gjaldfellingarheimild samkvæmt samkomulaginu 7. mars 2006 og stefnda ávallt fengið yfirlit um stöðu skuldar miðað við DKK 120.000 samningsfjárhæð, að frádregnum afborgunum. Hafi hún því haft réttmæta ástæðu til að ætla að eftirstöðvar þeirrar skuldar yrðu ekki innheimtar, enda stefnandi ekki gert reka að því fyrr en í fyrsta lagi haustið 2016. Voru þá liðin sjö og hálf ár frá því að stefnanda var heimilt að gjaldfella skuldina á grundvelli vanefnda stefndu. Þá hafi stefnandi fyrst árið 2016 vísað til upphaflegrar skuldar samkvæmt húsnæðisláninu, sem stefnda taldi að fallið hafi verið frá með samkomulaginu 7. mars 2006.

Stefnda byggir einnig á því að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti eftir að honum barst síðasta greiðslan frá stefndu 21. janúar 2014, en frá þeim tíma hafi liðið meira en tvö og hálf ár uns stefnandi vakti athygli á að hann ætti ógreidda kröfu á hendur stefndu. Hafi þetta gerst með bréfasendingum haustið 2016, sem stefnda fékk enga vitneskju um.

Stefnda gagnrýnir að í stefnu miði stefnandi gjaldfellingu skuldar við 4. febrúar 2006, en byggi síðan á því við munnlegan málflutning að krafa á hendur henni hafi verið gjaldfelld með bréfi 2. september 2016. Hvað sem líði heimild stefnanda til að breyta þannig málgrundvelli sínum sé ljóst að hið nýja tímamark gjaldfellingar sýni enn meira og alvarlegra tómlæti af hálfu stefnanda.

Stefnda byggir sýknukröfuna einnig á sjónarmiðum um réttmætar væntingar, sem viðurkenndar séu að íslenskum rétti, en með undirritun samkomulagsins 7. mars 2006 hafi upphaflegur kröfuhafi staðfest skilning stefndu um að sáttin fæli ekki í sér annað og meira en samkomulag um greiðslu á DKK 120.000. Vísar stefnda í þessu sambandi til framlagðra

reikningsyfirlita, sbr. II. kafli að framan og tölvupóstsamskipta, sbr. V. kafli, sem sýni að stefnanda var frá 2009 kunnugt um greiðsluerfiðleika stefndu og frá desember 2013 kunnugt um alvarleg veikindi hennar. Á þessum tíma og fram til haustsins 2016 hafi meint krafa stefnanda aldrei verið tilgreind sem DKK 623.280,74. Þá sýni yfirlit um stöðu láns stefndu að stefnandi hafi einungis fengið framselda til sín kröfu að fjárhæð DKK 68.561 og geti nýr kröfuhafi aldrei eignast meiri rétt en forveri hans. Fullyrðing stefnanda um framsal á DKK 623.280,74 kröfu samrýmist heldur ekki þeirri staðhæfingu í stefnu að skuldin hafi verið gjaldfelld í febrúar 2014, en gögn frá stefnanda sýni að krafan stóð í DKK 68.561 þegar hún var framseld til Lindorff Danmark A/S. í júní 2010. Hafði sama krafa verið gjaldfelld 4. febrúar 2014 og gat því aldrei komið til framsals á hærri kröfu til Lindorff. Allan vafa um þessi atriði beri eðli máls samkvæmt að túlka stefndu í hag.

Þá byggir stefnda á meginreglunni um tillitsskyldu fjármálastofnana, en í samræmi við þá skyldu hafi stefnanda borið að gefa stefndu kost á að ganga inn í upphaflega samkomulagið að nýju. Stefnandi sé bundinn af þessari skyldu og þar sem hann hafi brotið gegn henni beri að sýkna stefndu af dómkröfum hans.

Varakröfur stefndu eru byggðar á framangreindum sjónarmiðum. Að því er sérstaklega varðar varakröfuna um sýknu að svo stöddu telur stefnda að samskipti hennar við stefnanda sem meintan kröfuhafa beri með sér að hún eigi rétt á að ljúka málinu á sömu forsendum og lagt var upp með í samkomulaginu 7. mars 2006. Þar sem stefndu hafi ekki verið boðið upp á þennan kost beri að sýkna hana að svo stöddu. Verði ekki á þá kröfu fallist byggir stefnda á því til þrautavara að viðurkenna beri rétt hennar til að greiða stefnanda DKK 120.000 með mánaðarlegum greiðslum samkvæmt greindu samkomulagi, að frádregnum DKK 54.328 afborgunum og hefjist þær greiðslur á fyrsta degi næsta mánaðar eftir dómsuppsögu í héraði. Þrautþrautavarakröfuna byggir stefnda að auki á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, en telja verði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að halda óbreyttri stefnukröfu til streitu.

Um önnur lagarök vísar stefnda til meginreglna íslensks kröfu- og samningaréttar, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, einkum 19. gr., laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. og lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og til laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar, einkum 4. gr.

Stefnda telur einsætt að um málið fari alfarið eftir íslenskum lögum og réttarreglum, vísar í því sambandi til 4. gr. laga nr. 43/2000 og mótmælir því að stefnandi fái breytt þeim lagagrundi undir rekstri máls, enda málið skýrlega höfðað á grundvelli 4.

gr. nefndra laga. Að þessu gættu er mótmælt þeim málatilbúnaði stefnanda að málið eigi eða megi dæma á grundvelli danskra laga. Stefnda bendir og á að títtnefnt samkomulag hafi ekki falið í sér lán heldur samning um kröfuuppgjör. Að því gættu sé einsætt að stefnda teljist bera aðalskyldu samningsins í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000.

#### X.

Samkvæmt stefnu var mál þetta höfðað á grundvelli 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar og tóku varnir stefndu mið af því. Lagagreinin kveður á um hvaða lög skuli gilda um ágreining aðila þegar ekki hefur verið samið um lagaval í skilningi 3. gr. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal þá beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Við mat á því ber að líta til leiðbeiningarreglu 2. mgr. 4. gr., en samkvæmt henni skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá aðili sem efna á aðalskyldu samnings býr við samningsgerðina.

Samningur sá sem hér um ræðir var undirritaður 7. mars 2006 þá er stefnda bjó á Akureyri. Í samningnum er ekki kveðið með beinum hætti á um hvers lands lögum skuli beita við úrlausn ágreinings um efni og gildi samningsins og verður ekki ráðið með neinni vissu af samningnum eða atvikum að gerð hans að um hann skuli gilda dönsk lög. Í samningnum fólst skilyrt eftirgjöf skuldar stefndu við Fionia Bank A/S vegna eldra húsnæðisláns, sem engar upplýsingar liggja fyrir um, en ekki er ósennilegt að sú skuld hafi staðið í DKK 623.280,74 þegar stefnda samdi um stórfellda lækkun hennar gegn greiðslu á DKK 120.000 með jöfnum afborgunum næstu 10 árin á eftir. Að þessu gættu er fallist á með stefndu að sú skylda hennar að endurgreiða lánið með þessum hætti sé þungamiðja samningsins. Tilvísun stefnanda til 3. gr. laga nr. 43/2000 við munnlegan flutning málsins er ekki aðeins allt of seint fram komin, heldur hefur honum hvorki tekist sönnun um að sú lagagrein eigi við í málinu né heldur reynt að sýna fram á að stefnandi beri aðalskyldu samkvæmt samkomulaginu í skilningi 2. mgr. 4. gr. Fer því alfarið um úrlausn málsins eftir íslenskum lögum og réttarreglum.

Málatilbúnaður stefnanda er óljós um fleiri atriði. Þannig segir í stefnu að einsýnt sé að skilyrðislaus skuldaviðurkenning stefndu 7. mars 2006 hafi rofið fyrningu á kröfu stefnanda og þá byrjað að líða nýr 10 ára fyrningarfrestur kröfunnar. Má helst ætla að með þeim orðum sé átt við fyrningu á kröfu samkvæmt eldra húsnæðisláni, sem stefnandi hefur ekkert upplýst nánar um. Óháð þessu er ljóst af stefnu að stefnandi byggir rétt á hendur stefndu á samkomulaginu sem hún gerði við Fionia Bank 7. mars 2006 og stofnaðist þá sú krafa sem um er deilt í málinu. Að því gættu og með vísan til 28. gr. laga nr. 150/2007 um

fyrningu kröfuréttinda ber við úrlausn málsins að byggja á lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 4. gr. þeirra laga fyrnist krafan á 10 árum og telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafan varð gjaldkræf, sbr. 1. mgr. 5. gr. Samkvæmt greindum samningi gat sá dagur fyrst orðið 1. maí 2006 þá er stefndu bar að inna fyrstu afborgun af hendi. Fyrir liggur að stefnda greiddi umsamdar afborganir að fullu fram til apríl 2009 og frá þeim tíma að nokkru til 21. janúar 2014, en þá greiddi hún síðustu afborgun sína. Með greiðslu afborgana til 21. janúar 2014 fólst viðurkenning á skuld stefndu í skilningi 6. gr. eldri fyrningarlaga. Við sama tímamark hófst nýr 10 ára fyrningarfrestur kröfunnar samkvæmt 6. gr. og er krafan því ófyrnd. Breytir engu í því sambandi hvort krafa á hendur stefndu hafi verið gjaldfelld 4. febrúar 2014 eins og byggt er á í stefnu eða hvort þetta hafi gerst með innheimtubrési stefnanda 16. september 2016, svo sem byggt var á við munnlegan flutning málsins.

Stefnda átti í töluverðum samskiptum við þáverandi kröfuhafa, FS, í desember 2013 og bera þau greinilega með sér að skuldauppgjöri var ekki lokið á þeim tíma. Stefnandi gerði fyrst reka að stefnukröfu í málinu með innheimtubræfinu 2. september 2016, sem stefnda kannast við að hafi borist eiginmanni hennar. Voru þá liðin rúm tvö og hálf ár frá því að varanlegar vanefndir stefndu hófust. Er ekki unnt að fallast á með stefndu að sá tími hafi gefið henni réttmætt tilefni til að ætla að skuld hennar væri fallin niður, enda ekkert í gögnum málsins sem gefur til kynna að svo væri. Svo sem rakið er í VI. og VII. kafla að framan fylgdi stefnandi innheimtubræfinu eftir í nóvember 2016, í maí og júní 2018 og aftur sumarið og haustið 2019 áður en mál þetta var höfðað. Er krafa stefnanda því ekki fallin niður fyrir sakir tómlætis.

Stefnda byggir kröfugerð sína einnig á því að ósannað sé að stefnandi eigi löglegt tilkall til heimtu kröfu á hendur henni. Þannig hafi stefnandi ekki sýnt fram á óslitna framsalsröð kröfunnar frá Fionia Bank. Þá liggja ekki fyrir hvaða krafa á hendur henni hafi verið framseld til stefnanda og hve há sú krafa hafi verið á framsalsdegi, þ.e. hvort upphafleg íbúðalánskrafa hafi verið framseld eða DKK 120.000 samningskrafan frá 7. mars 2006 að frátöldum afborgunum stefndu.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu reikningsyfirlit frá Nova Bank Fyn til stefndu, sem dagsett er 31. desember 2010 og gerð er grein fyrir í II. kafla að framan. Í yfirlitinu er vísað til afskrifaðra krafna á hendur stefndu samkvæmt samkomulaginu 7. mars 2006, útistandandi skuld sögð DKK 80.841,82 og stefndu bent á að miða skuli skattskil vegna ársins 2010 við þá upphæð. Benda þessar staðreyndir ótvírætt til þess að umræddur banki

hafi í árslok 2010 verið búinn að afskrifa upphaflegan höfuðstól sammingskröfunnar frá 7. mars 2006, DKK 623.280,74 og miðað eftirstöðvar kröfu á hendur stefndu við fjárhæðina DKK 120.000, að frádregnum afborgunum stefndu.

Stefnandi hefur einnig lagt fram reikningsyfirlit frá FS, dagsett 25. ágúst 2014, en samkvæmt því er skuld stefndu sögð DKK 68.561 miðað við 21. janúar 2014. Segir í sama yfirliti að sú fjárhæð hafi verið yfirfærð til Lindorff Danmark A/S þann 9. júní 2014, en það félag heitir nú Lowell Danmark A/S og er stefnandi máls. Eins og rakið er í III. kafla liggur einnig fyrir af hálfu stefnanda framsal 10. júní 2014, en samkvæmt því skjali framselur FS til Lindorff Danmark skuld samkvæmt kröfu „*uppr. upphæð DKK 623.280,74*“ á hendur stefndu og segir þar að fyrir framsalið, sem fram fari samkvæmt framsalssamningi, hafi FS fengið fullnustu. Stefnandi hefur hvorki upplýst í hverju fullnusta FS fólst né heldur lagt fram gögn til sönnunar um eðli og fjárhæð þeirrar kröfu sem framseld var. Var stefnanda í lófa lagið að gera þetta, sér í lagi í ljósi málatilbúnaðar stefndu, en upplýst var við munnlegan flutning málsins að stefnandi hefði umrædd gögn undir höndum.

Samkvæmt öllu framansögðu telur dómurinn ósannað að stefnandi hafi fengið framselt annað og meira en DKK 68.561 kröfu á hendur stefndu við framsalsgerð í júní 2010. Ber stefnandi hallann af þeim sönnunarskorti, en viðurkennt er að íslenskum rétti að framsalshafi geti ekki öðlast meiri rétt á hendur skuldara en sá kröfuhafi sem framselur honum skuldina. Því til samræmis verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda DKK 68.561, en vara- og þrautavarakrafa stefndu þykja ekki dómtækar.

Með hliðsjón af málatilbúnaði stefnanda og vísan til 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þykir eins og hér stendur sérstaklega á mega ákveða að hin dæmda krafa beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna að liðnum mánuði frá uppsögu dóms í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal sá sem tapar máli í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Samkvæmt 3. mgr. má víkja frá þessu ef aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru eða veruleg vafaatriði eru í máli og má þá dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu. Stefnda hefur í raun ávallt gengist við því að skulda stefnanda þá fjárhæð sem hún hefur nú verið dæmd til að greiða og snemma árs 2018 freistaði eiginmaður stefndu þess, fyrir hennar hönd, að ljúka málinu á þeim grunni. Að gættum þessum atriðum þykir rétt að stefnandi greiði helming málskostnaðar stefndu.

Af hennar hálfu er krafist málskostnaðar að mati dómsins. Um fjárhæð þess kostnaðar vísaði lögmaður stefndu við munnlegan flutning málsins til tímaskýrslu lögmanns stefnanda, krónur 948.600 með virðisaukaskatti. Verður stefnandi þannig dæmdur til að greiða stefndu 474.300 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefnda, Anna Kolbrún Árnadóttir, greiði stefnanda, Lowell Danmark A/S, 68.561 danska krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. ágúst 2020 til greiðsludags.

Stefnandi greiði stefndu 473.300 krónur í málskostnað.